

Reglur um akstursþjónustu eldri borgara

I. Kaffi Grundvöllur þjónustu

1. gr. Markmið

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara í Borgarbyggð er að gera þeim kleift að búa lengur heima, við sem eðlilegastar aðstæður, stuðla að sjálfstæði þeirra og styðja við félagslega virkni og tómstundaiðkun, sem og að eldri borgarar hafi tök á því að sækja heilbrigðis- og endurhæfingaráþjónustu sbr. X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr. Skilyrði fyrir samþykki

Akstursþjónusta aldraðra er ætluð einstaklingum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Eiga lögheimili í Borgarbyggð.
- Eru 67 ára eða eldri.
- Búa sjálfstætt.
- Hafa ekki aðgang að eigin farartæki.
- Umsækjandi skal vera ófær um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar.
- Hafi umsækjandi sem orðin er 67 ára áður fengið ferðaþjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langavarandi stuðningsþarfir nr 38/2018 á hann rétt á þjónustunni áfram á meðan þörf er.

Þeir einstaklingar sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum. Í undantekningartilvikum er akstursþjónustan veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða (skemmmri en þriggja mánaða) s.s. vegna aðgerða, sjúkdóma og slysa.

II. Kaffi Umsóknir og mat

3. gr. Umsókn um akstursþjónustu

Sótt er um akstursþjónustu í gegnum þjónustugátt Borgarbyggðar. Umsækjandi getur veitt öðrum umboð til að sækja um fyrir sína hönd. Í umsókn þurfa að koma fram ástæður umsóknar og rökstudd ósk um fjölda ferða og fyrirhuguð erindi. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynlegt gögn sem þarf til að meta færni umsækjanda s.s. læknisvottorð. Þó er heimilt er að vísa til gagna sem þegar hafa verið send félagsþjónustunni.

SH

4. gr.

Afgreiðsla umsóknar

Umsókn er tekin fyrir á afgreiðslufundi félagsþjónustunnar þegar umsókn og nauðsynleg gögn hafa borist. Aðstæður umsækjanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist.

Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

5. gr.

Gildistími samþykktrar umsóknar

Þjónusta er að jafnaði veitt til eins árs í senn. Sé þjónustunnar óskað áfram að þeim tíma liðnum skal notandi skila umsókn um endurnýjun og gera grein fyrir öllum breytingum sem kunna að hafa orðið á aðstæðum hans og þjónustupörf.

III. kafli

Framkvæmd þjónustu

6. gr.

Skilgreining á þjónustu, fjöldi ferða og þjónustusvæði

Þjónustusvæði akstursþjónustunnar miðast við landfræðileg mörk Borgarbyggðar. Hámarksfjöldi ferða er 16 ferðir á mánuði, í undantekningartilvikum er heimild að veita fleiri ferðir þegar; ferð er skilgreind sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka innan þjónustusvæðis. Akstursþjónusta við eldri borgara er veitt á virkum dögum á milli kl. 07:30 og 20:00.

Heimilt er að veita fleiri ferðir þegar um er að ræða eftirfarandi skilyrði:

- a. Akstur til að sækja sérhæfða heilbrigðisþjónustu.

Notenda ber að tilkynna Fjölskyldusviði um allar þær breytingar sem verða á högum hans og snerta þessa þjónustu. Fjölskyldusviði er heimilt að endurskoða gildistíma samþykktar ef að verulegar breytingar verða á högum umsækjanda.

7. gr.

Pantanir og gjaldtaka

Notendur panta akstursþjónustu í gegnum netfangið dagleid@vesturland.is en einnig er hægt að hafa samband við þjónustuver Borgarbyggðar og fá frekari aðstoð.

Pantanir skulu að jafnaði berast þremur sólahringum fyrir áætlaðan ferðatíma. Ekki er unnt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu, ef pantanir berist með skemmri fyrirvara, þó reynt sé að bregðast við. Notendur skulu veita upplýsingar fyrirfram um fastar ferðir næstu vikur eða mánuði til að hægt sé að leita hagræðis við skipulagningu ferða. Afpöntun ferða skal fara fram með a.m.k. 2 klst. fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri bæði gagnvart sveitarfélagi og notanda.

SBK

Mæti notandi ekki á upphafsstað ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri gagnvart sveitarfélagi og notanda.

Fargjöld notenda fyrir akstursþjónustu taka mið af ákvörðun sveitastjórnar og tekur breytingum 1. janúar ár hvert nema um annað er samið.

8. gr.

Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá einum stað til annars, innan marka Borgarbyggðar. Notendur skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Við sérstakar aðstæður skal veita notenda aðstoð við að komast frá brottfararstað í bílinn. Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu. Notanda sem ekið er til læknis eða í aðra sérfræðiþjónustu er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi ekki verið vitað fyrirfram hvenær viðtalinu lyki. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna erindum fyrir notendur. Akstursþjónustan byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman.

Þegar umsókn hefur verið samþykkt getur umsækjandi pantað ferð hjá framkvæmdaraðila akstursþjónustunnar, sem veitir upplýsingar um aksturstíma og skipuleggja ferðir.

9. gr.

Akstur í dagdvöl fyrir aldraðra

Akstur í dagdvöl fyrir aldraða er skv. 13.gr. laga 125/1999 um málefni aldraðra og reglugerð nr. 45/1990 um dagdvöl aldraðra sem kveður á um skyldu rekstraraðila til að annast flutningsþjónustu fyrir þá sem dagdvölina sækja, til og frá heimili sínu.

10. gr.

Akstur til og frá stofnun

Reglur þessar gilda ekki um akstursþjónustu fyrir aldraða sem eru á stofnunum s.s. hjúkrunarheimilum og sjúkrahúsum og þurfa að leita þjónustu utan stofnunarinnar, s.s. sérfræðilæknishjálpar, rannsókn- og sjúkraþjálfunar, sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 þar sem fram kemur að slíkum stofnunum beri að tryggja að þar sé veitt hjúkrunar- og lækniþjónusta auk endurhæfingar.

SJL

11. gr.
Öryggi og tengd atriði

Allur bílakostur vegna akstursþjónustunnar er útbúinn samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja og er öryggisprófaður.

Við ráðningu bifreiðastjóra skal liggja fyrir sakavottorð og heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Óheimilt er að ráða starfsmann til akstursþjónustu sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum. Hafi umsækjandi gerst sekur um brot á ákvæðum annarra laga skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi sem bifreiðastjóri.

IV. Kafli
Málsmeðferð

12. gr.
Afturköllun samþykkis

Fjölskyldusviði Borgarbyggðar er heimilt að afturkalla samþykki um akstursþjónustu sé um að ræða brot á reglum þessum, misnotkun á úthlutuðum ferðum eða vangoldin akstursgjöld. Hið sama gildir ef í ljós kemur að samþykkið byggist á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum í umsókn.

13. gr.
Leiðbeiningar og ráðgjöf

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en af öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmanns hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða sbr. ákvæði 1.mgr. 7.gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður Fjölskyldusviðs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi sem hann kann að eiga. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar skv. reglum þessum og aðstoða við öflun nauðsynlegra gagna ef þörf er á.

14. gr.
Varðveisla ganga, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónuupplýsingar skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar sveitarfélagsins kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi. Starfsmenn eru bundnir trúnaði helst þagnarskyldan þótt látið sé af störfum.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

576

15. gr.
Heimild til ákvarðana

Starfsmenn Fjölskyldusviðs Borgarbyggðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði sviðsstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar sem hefur umboð til fullnaðarafgreiðslu mála skv. viðauka 1.6 í samþykktum um stjórn Borgarbyggðar. Ákvarðanir þeirra eru endanlegar og krefjast ekki staðfestingar velferðarnefndar eða sveitarstjórnar.

16. gr.
Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða og reglna, eftir því sem á við. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

17. gr.
Málskotsréttur

Umsækjandi getur skotið ákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kæra skal berast úrskurðarnefnd velferðarmála skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.


18. gr.
Endurupptaka

Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila máls á hann rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, innan þriggja mánaða frá því ákvörðun var kynnt, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum.

19. gr.
Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 12. desember 2024. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um ferðabjónustu fatlaðra og aldraðra frá 21. apríl 2015.

Fyrir hönd Borgarbyggðar



Stefán Bróddi Guðjónsson

Tekið fyrir í velferðarnefnd Borgarbyggðar 9. desember 2024.

Staðfest í sveitastjórn Borgarbyggðar 12. desember 2024